



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á „Reykjavík International – Alþjóðamót Ægis“
Sundlaugin í Laugardal
29. janúar 2005**

Ágæta sundfólk
Góðir gestir
Welcome to guests from abroad

Sundið hefur verið okkur Íslendingum í senn keppnisíprótt og heilsubót. Við þekkjum öll hvernig þúsundir landsmanna sækja á degi hverjum orku og gleði í sundlaugarnar. Andleg heilsa og aukinn kraftur til góðra verka eru hjá ærið mörgum háð því að sundsprettinum sé ekki fórnað í daglegri önn. Að ekki sé nú minnst á spjallið í heitum pottum.

Við höfum líka í auknum mæli eignast frábært sundfólk, keppendur sem skarað hafa framúr á alþjóðamótum og sett hvert metið á fætur öðru. Þjóðin hefur glaðst og fagnað, dáðst að afrekunum sem unnin eru og látið stuðning í ljósi á ýmsan veg.

Þakkargjörð til okkar frábæra íþróttafólks, sundfólksins sem sífellt er að vinna nýja sigra, birtist með vissum hætti í þeim tímamótum sem nú hafa orðið, í þeirri frábæru innilaug sem við fögnum í upphafi árs, fullkominni keppnislaug sem gerir okkur kleift að efna til alþjóðlegra móta í hæsta gæðaflokki.

Ég þakka öllum þeim sem hér hafa lagt hönd á plóg, Reykjavíkurborg og íþróttahreyfingunni, en þó fyrst og fremst baráttusveit á vettvangi sundsins sem í áratugi gafst aldrei upp á því að ítreka nauðsyn þess að koma í verk slíkri framkvæmd.

Þar var Sundfélagið Ægir jafnan fremst í flokki og því gleðilegt að Ægir skuli nú efna til fyrsta alþjóðamótsins í þessari frábæru laug.

Reykjavík International, mótið sem hér er haldið, gefur fyrirheit um spennandi keppni í framtíðinni en er líka staðfesting á ríkum vilja til að stefna hátt, bjóða hingað öflugum keppendum frá öðrum löndum og gefa

Íslendingum kost á að njóta þess að sjá sundfólk í fremstu röð sýna hæfni sína.

Sundfélagið Ægir hefur í nærri áttatíu ár verið merkisberi sundsins á vettvangi íþróttanna. Því er við hæfi að þetta merka og aldna félag skuli nú hafa forystu um að gera hina nýju laug að vettvangi alþjóðlegrar keppni og marka þannig þau tímamót sem orðið hafa í íþróttalífi okkar Íslendinga.

Slík er saga þessa merka félags að við getum treyst því að Ægir muni með liðsauka úr mörgum áttum gera Reykjavík International að spennandi móti fyrir íþróttafólk frá öðrum löndum, afreksfólk í fremstu röð.

Ég óska Ægisfólki og reyndar sundhreyfingunni allri til hamingju með að hafa nú fengið aðstöðu til að láta að sér kveða með nýjum þrótti, skapa í framtíðinni mót sem verða keppikefli úrvalsfólks í þessari grein en eru einnig mikilvæg viðbót við íþróttalíf okkar Íslendinga.

Við fögnum sérstaklega hinni vösku sveit erlendra keppenda sem hingað er komin og vonum að hún njóti þess að sýna íþrótt sína í þessari nýju laug en skynji einnig með heimsóknum í aðrar laugar í Reykjavík og nágrennbæjum að sundið er okkur Íslendingum einkar kært, sannkölluð almenningsíþrótt sem stór hluti landsmanna stundar á hverjum degi.

For almost eighty years, Ægir Swimming Club has been the standard-bearer of swimming as a sport in Iceland. This remarkable and long-established club has appropriately played a leading role in making this new pool the venue for an international tournament which represents a milestone in Icelandic sports.

Given its impressive history, we can be sure that Ægir, with support from many directions, will make Reykjavík International into an exciting tournament for athletes from other countries.

I congratulate the members of Ægir and indeed the whole swimming movement on acquiring facilities which will enable them to make their presence felt with new vigour, to create tournaments in the future which will be sought-after by leading athletes in this field and will also be an important addition to the Icelandic sports scene.

We welcome in particular the fine group of competitors from abroad who are with us now and hope that they enjoy being able to display their prowess in this new pool, and that they will also realise by visiting other pools in and around Reykjavík how fond we Icelanders are of swimming, a true national sport which is practised by a large part of the population every day.

Ég ítreka hamingjuóskir til Ægisfólks og sundhreyfingarinnar og hvet ykkur eindregið til að gera „Reykjavík International – Alþjóðamót Ægis“ að árlegum viðburði, viðburði sem gefi okkar besta keppnisfólki tækifæri til að etja kappi við afreksfólk frá sem flestum löndum.